



Ársskýrsla Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

Flutt á aðalfundi 22. feb. 2025

Í lok árs 2024 eru í stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps Sandra Gunnarsdóttir, formaður, Guðríður Guðmundsdóttir, ritari og Díana Símonardóttir, gjaldkeri. Í varastjórn eru María Huld Hilmarsdóttir, Margrét Gunnarsdóttir og Steinunn Jónsdóttir.

Ein kona sagði sig úr félaginu og þrjár konur gengu í félagið á árinu 2024. Þær eru: Auður Ingibjörg Ottesen, Helga E. Jónsdóttir og Olga Viktoría Sigurðardóttir. Í lok árs 2024 voru því 68 konur í Kvenfélagi Grímsneshrepps.

Stjórnarfundir á árinu voru fimm talsins, félagsfundir 4 og árið viðburðaríkt að vanda. Vinnustundir voru um 1670 klst.

Aðalfundurinn var haldinn í febrúar. Í mars var svo baðstofukvöld sem haldið var í Vínstofu Friðheima á vegum kvenfélaga uppsveitanna þar sem Þuríður Sigurðardóttir skemmti ásamt tveim öðrum konum. Í apríl var ársfundur SSK haldinn á Laugalandi í Holtum og fyrir okkar hönd fóru þær Guðrún Gunnarsdóttir, Sigríður Laufey Gunnarsdóttir og Hildur Magnúsdóttir.

Í byrjun maí héldum við vorfund á A Hansen í Hafnarfirði og fórum svo á Tinu Turner tónleika á eftir. Þann 1. júní kusum við okkur nýjan forseta og sáum við að vanda um kosningakaffið og í byrjun júní áttum við svo góða stund saman í Mörkinni. Verkalýðsfélagið Framsýn tók svo Mörkina á leigu í 12 vikur yfir sunnarið.

Í júní var hafinn undirbúningur Grímsævintýra og 17. júní skryddist Veiga Dögg Magnúsdóttir skautbúningi félagsins og flutti ljóðið Vertu þinn eigin vinur eftir Huldu Hvönn. Mjög fallett ljóð um að þótt við séum ekki öll eins og ráðum oft ekki aðstæðum okkar þá sé mikilvægt að vera sáttur við sjálfan sig og tilveruna.

Kvenfélagið bauð heldri borgurum í mat og tónlistarskemmtun á Sveitasetrinu Brú í ágúst og svo voru Grímsævintýrin á sínum stað en aðeins seinni en áður. Mikil ánægja var með nýja torgið, kaffihúsið var vel staðsett og mjög vinsælt. Á tombólunni seldust um 2500 miðar og líklega hafa aldrei selst eins margir miðar á fullu verði. Að þessu sinni sá atvinnu og menningarmálanefnd um markaðinn og stefnan er að halda því áfram.

Á haustfundinum í september var boðið uppá kynningu á vörum Blush og skemmtu konur sér vel. Í október buðu svo kvenfélög uppsveita konum á skemmtikvöld með okkar einu sönnu Eddu Björgvins, “Húmor, gleði og hamingja – dauðans alvara“

Tólf konur úr okkar hóp sóttu Landsþing KÍ sem var haldið á Ísafirði dagana 11. til 13. október. KÍ eignaðist nýjan heiðursfélaga þar sem Guðrún Þórðardóttir var heiðruð fyrir störf sín fyrir KÍ. Á þinginu voru samþykktar ályktanir þess efnis að hvetja landsmenn til að huga að andlegri heilsu, meðal annars með því að njóta gæðastunda með fjölskyldu og vinum, að hvetja landsmenn til notkunar á þjóðbúningum við sem flest tækifæri, að hvetja stjórnvöld til að efla heilbrigðisþjónustu í landinu og að vekja athygli á þeirri samfélagslegu vá sem stafar af vaxandi eimsemd í þjóðfélaginu

Í lok október héldum við grímuball fyrir börn og fjölskyldur þeirra í samstarfi við unglingadeild Kerhólsskóla og í nóvember var jólabingóið á sínum stað. Því miður var bingó



á Sólheimum á sama tíma og okkar svo það var ekki húsfylli eins og venjulega en þó ágætlega sótt.

Nokkrar kvenfélagskonur sem eru að fara í Cornwall ferðina í vor tóku sig til með haustinu og pöntuðu sérvettur og saumuðu fjölnota jólapoka. Þetta var svo selt á hinum ýmsu viðburðum, jólabingó, leiksýningum, jólatréssölu á Snæfoksstöðum og skötuveislu Lions. Servéttusalan heldur áfram og eru þær til í ýmsum litum til að NJÓTA SAMAN.

Jólafundinn héldum við í Arinstofunni í Sesseljuhúsi á Sólheimum. Þar var pálínuboð og pakkaleikur og síðan sungu Halli Valli og frú skemmtileg jólalög.

Með haustinu sprakk svo ríkisstjórnin svo við slógum aftur upp vöfflukaffi fyrir sveitungana á kosningadaginn 30. nóvember. Vöfflunum var mikið hælt af öllum sem komu.

Á árinu 2024 námu styrkir og gjafir 2.438.524 kr.

HSU Selfossi- göngugrindur: 612.750 kr.

HSU Selfossi- hægindastólar: 452.000 kr.

HSU Ljósheimar: 100.000 kr.

HSU Laugarási - ungbarnavog: 61.382 kr.

Hjálparkokkar: 400.000 kr.

Sjóðurinn góði: 200.000 kr.

Kerhólsskóli - vinylskeri: 165.392 kr.

Heldriborgaraskemmtun: kr. 447.000 kr

Við stjórnarkonur í Kvenfélagi Grímsneshrepps þökkum ykkur kærlega fyrir þátttöku í verkefnum og viðburðum og fyrir allar góðu samverustundirnar. Við hvetjum ykkur nú sem fyrr til þess að gefa kost á ykkur til starfa í nefndum og verkefnum.

Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps

Sandra Gunnarsdóttir

